

Listasafn Reykjavíkur

Ársskýrsla 2024



Listasafn Reykjavíkur

Ársskýrsla 2024

Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir fjölbreyttu sýningahaldi og varðveitir umfangsmikla listaverkæign Reykjavíkurborgar. Leiðarljós safnsins er að vera lifandi og framsækinn vettvangur þar sem tækifæri gefst til að kynnast fjölbreytileika myndlistar í nútíð og fortíð. Öflug miðlun og góð þjónusta skal vera þar áhugavekjandi umgjörð sköpunarverka listamanna.

Í safneigninni eru sérsöfn listaverka eftir Jóhannes S. Kjarval, Ásmund Sveinsson og Erró auk fjölda listaverka sem endurspeglu strauma og stefnur í íslenskri myndlist, einkum frá síðari hluta 20. aldar. Safnið hefur einnig umsjón með listaverkum á almannaferi í eigu Reykjavíkurborgar. Jafnframt því að varðveita og miðla safneigninni hefur safnið það hlutverk að stunda rannsóknir og sinna fræðslu um myndlist, innlenda og erlenda, með sýningahaldi, útgáfum, fyrirlestrum, leiðsögnum eða með öðrum hætti. Listasafn Reykjavíkur stuðlar þannig að því að borgarbúum og öðrum gestum safnsins sé gert kleift að fylgjast með því sem hæst ber í myndlist hverju sinni.

Listasafn Reykjavíkur starfar samkvæmt samþykktum borgarráðs frá 2013, lögum um starfsemi safna, myndlistarlögum og samþykktum og siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM). Sýningarstaðir Listasafns Reykjavíkur eru Hafnarhús, Kjarvalsstaðir og Ásmundarsafn auk þess sem listaverk safnsins eru aðgengileg á þjónustustöðum Reykjavíkurborgar.

Safnið gegnir fjölbreyttu hlutverki gagnvart ólíkum hópum og er vettvangur sem horft er til þegar kemur að menningarlegri upplifunar ólíkra hópa safngesta, rannsókna fræðimanna og sköpunar listamanna. Árið 2024 einkenndist af því að rækta hlutverk safnsins sem öflug deigla nýsköpunar með miklu samstarfi við starfandi listamenn í borginni.

Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á fjóra lykilþætti í starfsemi safnsins, það eru öflug miðlun og markaðsstarf, góð þjónusta og faglegt starfsumhverfi. Þessum áhersluatriðum er ætlað að stuðla að áhrifamikilli upplifun gesta af sköpunarverkum listamanna um leið og rannsóknir og sýningar miða að skapandi umræðu sem örvar áhuga á myndlist og hlutverki hennar í samfélaginu.

Á árinu hlaut safnið Íslensku safnaverðlaun fyrir framsækið miðlunarstarf einkum í tengslum við 50 ára afmæli Kjarvalsstaða og Myndlistarverðlaunin fyrir áhugaverðasta endurlitið sem var yfirlitssýning á verkum Hildar Hákonardóttur.

Sýningar og rannsóknir

Sýningar núlifandi listamanna af ólíkum kynslóðum einkenndu sýningadagskrá ársins og voru óvenjumargar samsýningar. Opnaðar voru 10 nýjar myndlistarsýningar í safnhúsunum þar sem kynnt voru verk eftir yfir 48 starfandi listamenn, jafnt einka- og samsýningar.

Sýningadagskrá ársins hófst með einstakri sýningu í flestum sölum Hafnarhúss á nýjum verkum eftir úrval upprennandi listamanna. Sýningin bar yfirskriftina *D-vítamín* og var sannur orkuskammtur úr myndlistarlífi samtímans hér á landi.

D-vítamín var sýning í anda þeirrar stefnu sem mótast hefur í áralangri sýningarröð safnsins í *D-sal* þar sem kynntir eru til leiks upprennandi listamenn. Sýningin teygði sig vel úr fyrir *D-sal* og var á allri efri hæð safnsins og var henni jafnframt stýrt af teymi ungra sýningarstjóra.

Aðrar samsýningar ársins voru *Hendi næst* í Ásmundarsafni, *Murr* í Hafnarhúsi og *Átthagamáilverkið* á Kjarvalsstöðum.

Fjölbreytni þessara sýninga endurspeglar styrkleika Listasafns Reykjavíkur og þann fjölbreytileika sem þrífist fæst innan safnsins, jafnt þegar horft er til þess hvað er sýnt, hverjir taka á móti og með hvaða hætti er miðlað til gesta.

Á sýningunni *Hendi næst* í Ásmundarsafni voru verk margra okkar fremstu samtímalistamanna sett fram í samhengi við verk Ásmundar Sveinssonar og áhersla á að sýna hvernig arfleifð rötgróinnar handverkshefðar birtist í samtímamyndlist.

Murr í Hafnarhúsi var sýning á verkum eftir fjölbreyttan hóp samtímalistamanna, listamanna af ólíkum kynslóðum og með ólíkan feril að baki. Verkin eru unnin í ýmsa miðla en einkennast af áráttukenndum vinnuaðferðum í myndlist; endurtekningum, reglum og ofureinbeitingu. Sýningin *Átthagamáilverkið* var opnuð á Kjarvalsstöðum á sumarsólstöðum. Þar voru málverk frá 20. öld eftir lifandi og látna listamenn, sem sýna átt-haga listamannanna og endurspeglu um leið íslenska mynd-

list jafnt alþýðulist sem verk listamanna sem teljast leiðandi í íslenskri listasögu. Að baki þessum verkefnum lá mikil rannsóknavinna sem skilaði sér í afar áhugaverðum sýningum sem vöktu mikla athygli.

Þó margbreytilegar samsýningar hafi einkennt árið var eitt umfangsmesta sýningarverkefni ársins sýningin *Flóð*, fyrsta einkasýning listamannsins Jónsa í Evrópu. Jónsi er þekktur sem tónlistamaður en hefur undanfarin ár sýnt myndlistaverk í virtum söfnum vestanhafs. Á sýningunni voru glænýjar og nýlegar innsetningar þar sem hljóð, ilmur og sjónræn upplifun áreittu skynfæri áhorfenda. Sýningin var á dagskrá Lista-hátíðar í Reykjavík og hluti af opunarviðburði hátíðarinnar. *Flóð* hlaut gríðargóðar viðtökur og mikla umfjöllun jafnt hér heima sem á alþjóðavettvangi.

Á Kjarvalsstöðum voru tvær viðamiklar yfirlits-sýningar og fylgdu þeim báðum útgáfur. Önnur þessara sýninga var sýningin *Aðgát* með verkum Borghildar Óskarsdóttur. Sýningin var afrakstur sérstakrar rannsóknarstöðu sem ætlað er að endurskoða hlut kvenna í íslenskri listasögu. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands og hlaut safnið öndvegisstyrk Safnaráðs til þriggja ára. Þetta var önnur rannsóknin og var Aðalheiður Guðmundsdóttir, listfræðingur, ráðin til að sinna verkefninu. Á árinu var Becky Forsythe ráðin til að sinna þriðja og síðasta hluta verkefnisins sem lýkur í ársbyrjun 2025.

Á árinu var áttunda yfirlitssýningin í röð haustsýninga á Kjarvalsstöðum, þar sem farið er yfir feril lykilpersóna í íslensku listalífi bæði með sýningu og útgáfu. Hvert og eitt þeirra er valið með tilliti til einstaks framlags ýmist hvað varðar miðla eða viðfangsefni. Sýning og útgáfa ársins gerði skil myndlistarferli Hallgríms Helgasonar en hann hefur valið sér málverk og teikningu sem tjáningarform og leið til að segja sögur jafnt persónulegar sem samfélagslegar.

Safneignin átti sinn fasta sess í starfseminni. Í Hafnarhúsi var sett upp sýning á verkum úr safneign eftir Hrein Friðfinnsson: *Endrum og sinnum* en Hreinn féll frá í upphafi árs. Sýningin kynnti áhugaverðan feril listamannsins og sýndi um leið styrkleika í safneigninni. Á Kjarvalsstöðum var sýningin *Kjarval og 20. öldin – Þegar nútíminn lagði að*, tvær sýningar voru á verkum Errós; *Valdatafl – Erró skrásetjari samtímans* og *1001 nótt* auk þess sem valin stór verk listamannsins voru sýnd yfir sumarið. Á árinu voru jafnframt opnaðar tvær sýningar úr safneigninni á verkum Errós í erlendum söfnum; Þjóðlistasafninu í Svartfjallalandi og í höfuðborg myndasögunnar í borginni Angoulême í Frakklandi.

Í greinargerð með fjárhagsáætlun Listasafns Reykjavíkur fyrir árið 2024 var gert ráð fyrir sýningu á pólskri samtíma-myndlist í Hafnhúsi en ákveðið að fresta sýningunni þar sem markmið fjármögnunar náðust ekki. Sýningin er á dagskrá árið 2026.

Miðlun

Á undanförunum árum hefur verið lögð rík áhersla á að nálgast nærsamfélag safnsins með fjölbreyttri dagskrá miðlunar og viðburða. Opinberir viðburðir af ýmsum toga voru alls um 170 auk þess sem boðið var upp á daglegar örleiðsagnir í safnhúsunum. Viðburðir voru skipulagðir sérstaklega fyrir börn og fjölskyldur, sérstök fjölmeningartengd verkefni og viðburðir sem efla inngildingu, auk ýmissa viðburða sem ætlað er að dýpka safnheimsóknina og höfða til almennra gesta, áhuga-fólks og sérfræðinga. Í öllu miðlunar- og markaðsstarfi er inngilding höfð að leiðarljósi og má í því samhengi nefna fasta liði eins og *Listin talar tungum* og *Tökum höndum saman*. Lögð var áhersla á að safnið tæki þátt í samstarfi um verkefni eins og Barnamenningarhátíð, Menningarnótt, Safnanótt, HönnunarMars og fleiri fastar hátíðir í borginni. Þá má nefna á þriðja þúsund fullorðna gesti sem heimsóttu safnið sérstaklega sem hluta af skipulögðu náms- og félagsstarfi, en bæði er um að ræða fastagesti sem unnið hefur verið í að bjóða sérstaklega í safnið og aðra sérhópa sem nýta sér miðlunarþjónustu safnsins. Fastur liður í starfseminni er móttaka skólahópa og samstarf við grunnskóla og hefur aðsókn verið með ágætum. Árið 2024 heimsóttu tæplega níu þúsund börn og ungmenni safnið í skipulögðum heimsóknum undir leiðsögn safnkennara. Fastir liðir eru fræðsluverkefni um Ásmund fyrir 4. bekk, Kjarval fyrir 6. bekk og Erró fyrir unglíngastigið auk þess sem safnið sendir svokallaðar Flökkusýningar í grunnskóla og fylgir þeim vandað fræðsluefni.

Viðvarandi hagræðingarkrafa og niðurskurður á rekstarfé til safnsins hefur dregið úr getu til að koma til móts við eftirspurn þegar kemur að móttöku skólahópa og leiðsögnum fyrir almenning. Að hluta var brugðist við þessu með samstarfi við aðila sem vinna að svipuðum fræðslumarkmiðum og safnið.

Í lok árs var ákveðið að Listasafn Reykjavíkur, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, tæki þátt í evrópsku samstarfsverkefni við tvær aðrar Loftslagsborgir Evrópu; Ósló í Noregi og í Cluj-Napoca í Rúmeníu sem stefna að því að vera kolefnis-

lausar og snjallar. Markmið verkefnisins var að skiptast á hugmyndum um það hvernig hvetja mætti ungt fólk til vitundar og samtals um loftslagsmál í gegnum myndlist, listsköpun og upplifun og var það leiðarljós fræðslustarfs safnsins síðari hluta árs og í ferðum starfsmanna til samstarfsborga þar sem þekkingu var deilt. Verkefnið teygir sig inn á árið 2025 bæði með sýningu um umhverfismál og fræðslustarfi í samvinnu við Vinnuskóla Reykjavíkur þegar safnið mun taka á móti öllum 16 ára nemendum Vinnuskóla Reykjavíkur, ungu fólk sem mun dvelja í safninu einn vinnudag og fá tækifæri til þess að njóta lista, skapa eigin verk og eiga í samræðum um umhverfismál.

Listasafn Reykjavíkur stóð árið 2024 að venju fyrir fræðilegum umræðum og fyrirlestrum af ýmsum toga. Árleg fagraðstefna um safnamál var haldin í nóvember undir yfirskriftinni *RáðStefna* þar sem rætt var um stefnumótun í menningar-geiranum og hvernig slík stefnumótunarvinna nýtist í safnastarfi. Þá var haldið málþing í tengslum við sýningu á verkum Borghildar Óskarsdóttur. Fyrirlestraröðin *Umræðupræðir* hélt áfram í samstarfi við Listaháskólann og Myndlistarmiðstöð, en til landsins komu listfræðingurinn Sabeth Buchmann og listamaðurinn Fabrice Hyber. Eftir var til samverustundar með glæsilegri, alþjóðlegri dagskrá tileinkaðri listamanninum Hreini Friðfinnssyni sem var þá nýlega fallinn frá. Málþing var haldið til að minnast þess að 150 voru frá því að fyrsta listaverkið í almannarými var sett upp: *Eftir sinni mynd – Þegar Danir gáfu Íslendingum Thorvaldsen 1874*.

Safneign og varðveisla

Safneign Listasafns Reykjavíkur er sú viðamesta meðal íslenskra listasafna og eru sérstök varðveislurými á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi. Auk þess er stór hluti verkanna varðveittur í fjargeymslu safnsins. Aðbúnaður stærri og viðameiri verka í fjargeymslu og aðbúnaður á Kjarvalsstöðum hefur verið stórbættur á undanförunum árum. Mikil þrengsli eru í listaverkageymslu í Hafnarhúsi og kemur það einkum niður á sístækkandi listaverkasafni Erró-safns. Umsýsla verka í listaverkageymslum var talsverð á árinu. Bæði vegna sýninga á verkum úr safneign en einnig vegna lána á verkum til safna og sýningastaða jafnt innanlands sem utan. Á árinu voru rúmlega 200 verk lánuð til sýninga annarsstaðar auk þess sem um 400 verk voru í langtímaláni í opinberum rýmum. Stærstu verkefni á þessu sviði voru annarsvegar að taka á móti umfangsmikilli Erró-sýningu frá ARoS-listasafninu í Danmörku og senda verk til Svartfjallalands og Frakklands. Heldur hefur dregið úr fjölda verka í þjónusturýmum borgarinnar og má rekja það til þess að opin vinnurými eru í auknum mæli að ryðja sér til rúms.

Forvarsla verka í safneign er unnin samkvæmt forgangslista sem byggður er á mati sérfræðinga safnsins, en sýningaráætlanir hvers árs hafa einnig mikil áhrif á hvaða verk eru tekin til meðferðar. Verkefni á sviði forvörslu eru unnin af utanaðkomandi forvörðum og árið 2024 var sérstök áhersla lögð á teikningasafn Kjarvals en safnið hlaut styrk úr safnasjóði til verksins sem unnið var í samstarfi við Landsbókasafn Íslands. Umbúnaður og ástand 44 teikninga var bætt.

Viðhald og umsýsla með útilistaverkum borgarinnar er ávallt stór hluti af starfsemi safnsins. Reglulegt eftirlit er haft með verkunum, brugðist við ábendingum um viðhaldspörf og unnið að forvörslu í samræmi við forgangslista í kjölfar árlegs eftirlits. Stærsta verkefni ársins voru gagngerar endurbætur á *Friðarsúlu* Yoko Ono í Viðey. Undirbúningur þessa verkefnis hefur staðið lengi og var stór hluti búnaðar endurnýjaður með orkusparnað og framtíðarvirkni verksins

að leiðarljósi. Umhverfi verksins var lagfært, sérstaklega steinlagður pallur þess. Viðhald búnaðarins var í höndum ítalska fyrirtækisins MaxVH, sem smíðaði upprunalega búnaðinn. Verkefnið var fjármagnað af Orkuveitu Reykjavíkur, Yoko Ono og Reykjavíkurborg.

Önnur stór verkefni sem tengjast útilistaverkum í borginni var lagfæring á verkinu *Partnership* eftir Pétur Bjarnason sem naut stuðnings Charles E. Cobb sjóðsins og niðurtaka verks Sigurjóns Ólafssonar *Séra Friðrik og drengurinn* í kjölfar deilna í samfélaginu um persónu sr. Friðriks. Niðurtaka verksins var ákveðin af borgarráði en það er nú varðveitt í listaverkageymslum safnsins. Listasafn Reykjavíkur hefur einnig sinnt viðhaldi á völdum verkum í eigu íslenska ríkisins, samkvæmt óskum Menningarmálaráðuneytis. Undirritaður var langtímasamningur þess efnis að safnið taki að sér eftirlit og viðhald útilistaverka í eigu ríkisins í umboði ráðuneytisins. Á árinu samþykkti borgarráð verklagsreglur vegna uppsetningar nýrra útilistaverka á uppbyggingareitum samkvæmt samningum við lóðahafa. Efnt var til þriggja samkeppna, tíu listaverk komust í framkvæmdaferli og þar af voru fjögur fullkláruð.

Á árinu 2024 fjölgaði listaverkum í safneign bæði með innkaupum aðfanganefndar og gjöfum frá velunnurum og listamönnum þar á meðal stórri gjöf Gjörningaklúbbsins á verkum unnum í fjölbreytta miðla og 30 lykilmálverkum eftir Erró. Safnið tók við fjórum veglegum málverkum eftir Kjarval frá afkomendum Jóns Þorsteinssonar og Eyrúnar Guðmundsdóttur.

Markaðs- og kynningarstarf

Listasafn Reykjavíkur lagði sem fyrr áherslu á öflugt markaðs- og kynningarstarf til að auka sýnileika safnsins og styrkja tengsl við fjölbreyttan hóp gesta. Markmiðið er að safnið sé sjálfsgöður og ákjósanlegur viðkomustaður borgarbúa og gesta borgarinnar, innlendra sem erlendra. Gestafjöldi ársins 2024 fór fram úr áætlunum. Margt stuðlaði að þessu en vert er að geta þess að fjölmennar samsýningar innlendra listamanna eru fjölsóttar. Sýningin *Flóð* í Hafnarhúsi var vinsæl auk þess sem góð aðsókn var á Kjarvalsstöðum allt árið og ekki síst á sýningarnar *Átthagamáilverkið* og *Usli*.

Unnið var markvisst að því að kynna sýningar, viðburði og fræðslustarf safnsins á samfélagsmiðlum, vefnum, prentmiðlum og með samstarfi við innlenda og erlenda fjölmiðla. Sérstök áhersla var lögð á stafræna miðlun, aðgengilega upplýsingagjöf og markvissa markhópamiðaða markaðssetningu. Unnið er markvisst að því að tryggja Listasafn Reykjavíkur í sessi á meðal nýrra kynslóða, jafnt í gegnum samfélagsmiðla sem með sýningum og miðlun. Erlendir ferðamenn skapa um 75% af tekjum safnsins og endurspeglar það hvaða þátt safnið á í að skapa gæðaupplifun ferðamanna í borginni. Umfjöllun um starfsemi safnsins í fjölmiðlum var öflug, en alls birtust samtals 365 fréttir um safnið í netmiðlum, prentmiðlum, sjónvarpi og útvarpi hérlendis, auk þess sem töluverð erlend umfjöllun fylgdi sýningunni *Jónsi: Flóð*. Umsagnir gesta í gestakönnunum og á stöðum á borð við TripAdvisor og Google eru almennt mjög jákvæðar.

Ný heimasíða Listasafns Reykjavíkur leit dagsins ljós á árinu en mikil vinna hefur verið lögð í verkefnið í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar og standa væntingar til þess að síðan stórbæti aðgengi og notkunarmöguleika þegar kemur að miðlun efnis og upplýsinga.

Fjármál og rekstur

Rekstur safnsins gekk vel á árinu þó rekstrarniðurstaða hafi verið 1,8% umfram fjárheimildir og skýrist það að mestu af framúrkeyrslu á launalið vegna aukinnar aðsóknar og eftirspurnar eftir þjónustu safnsins. Hlutfall sjálfsaflafjár af rekstrarkostnaði var 25% sem er svipað hlutfall og undanfarin ár. Hlutfall sjálfsaflafjár af rekstarfé safnsins er nú svipað og fyrir tekjuhrun sem fylgdi fækkun ferðamanna 2020 og 2021.

Þó tekjur hafi aftur aukist hafa hagræðingarkröfur síðustu ára haft áhrif á þjónustu. Sýningum hefur fækkað en 2024 var viðburðum fækkað og skorið niður í fræðslu- og miðlunarstarfi. Hagræðingarkrafa á safnið og almennar verðhækkningar umfram verðlagsbætur, jafnt á föstum kostnaði s.s. rafmagni og hita sem aðkeyptri vinnu s.s. lausráðinna tækni-manna og safnkennara, leiða til þess að ráðstöfunarfé safnsins hefur dregist saman og minna fæst fyrir hverja krónu.

Fjármunir safnsins eru nýttir til hins ýtrasta og eru hættumerki á lofti þegar horft er til árlegrar hagræðingar og fjölda þeirra stöðugilda sem standa að baki starfseminni. Á sama hátt blasir við að safnið er komið fram yfir þanmörk þegar horft er til nauðsynlegs búnaðar til að sýna og kynna samtímamyndlist.

Tekjur

Rekstrartekur -202.827

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 349.392

Innri leiga 237.956

Annar rekstrarkostnaður 217.906

Listaverkakaup 17.629


Rekstrarniðurstaða 620.056

Rekstur Listasafns Reykjavíkur

Öflun tekna 202.827

Framlag 620.056

Reykjavíkurborgar



Skipting tekna


Aðgangseyrir 42%

Vörusala 20%

Styrkir 19%

Leiga á aðstöðu 9%

Annað 10%




Skipting gjalda

Laun 42%

Annar kostnaður 29%

Innri leiga 27%


Listaverkakaup 2%




Starfsmannafjöldi 2024

Fjöldi starfsmanna	42
Fjöldi stöðugilda	26

Kostnaður við rekstur stofnunar pr. gest



Sértekjur sem hlutfall af ramma



Listasafn Reykjavíkur – Lykiltölur	Rauntölur 2020	Rauntölur 2021	Rauntölur 2022	Rauntölur 2023	Rauntölur 2024	Markmið 2025
Gestafjöldi – heildartala	138.815	153.945	238.006	254.387	257.669	240.000
- Hafnarhús	58.501	60.949	100.595	121.539	137.339	120.000
- Kjarvalsstaðir	70.284	79.159	118.809	111.891	102.678	100.000
- Ásmundarsafn	10.030	13.837	18.602	20.957	17.652	20.000
Fjöldi seldra árskorta (endurnýjun)	395	365	445	469	491	600
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	8.590	9.760	11.360	9.613	8.580	8.000
Fjöldi viðburða	118	202	193	185	167	160
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	2	1	3	3	4	4
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	135.880	211.466	465.371	513.693	*281.695	*300.000
Útlán listaverka	484	494	501	475	409	420
Fjöldi útgáfuverka	16	16	18	13	11	15
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	17.237	17.267	17.306	17.326	17.415	17.450
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins	184	186	188	191	190	191

* ný aðferð við talningu

Mannauður

Rekstur safnsins er borinn uppi af hæfu og áhugasömu starfsfólki sem af metnaði stendur að baki því menningarstarfi sem safnið stendur fyrir. Fjölbreytt þekking og reynsla býr í starfshópnum sem reglulega sækir sér aukna þekkingu og miðlar af eigin reynslu jafnt innan lands sem utan. Ferðir starfsfólks Listasafns Reykjavíkur til erlendra safna gegna lykilhlutverki í faglegri þróun og styrkingu alþjóðlegra tengsla. Með því að kynnast starfsemi sambærilegra stofnana og hitta erlenda listamenn og samstarfsaðila eykst þekking, innsýn og fagleg færni starfsfólks. Slíkar ferðir skapa dýrmæt tækifæri til samstarfs, sýningaskipta og nýsköpunar í safnastarfi. Þær styðja við stefnu safnsins um að vera virkur þátttakandi á alþjóðlegum vettvangi og stuðla þannig að öflugri miðlun samtímalistar og sterkari tengingu við alþjóðlegt listasamfélag. Á árinu sýndi starfsfólk mikið fumkvæði þegar kom að því að fjármagna slíkar ferðir í gegnum stéttarfélög en einnig sjóði eins og Safnasjóð. Á árinu 2024 sótti starfsfólk m.a. Feneyjartvíæringinn, ICOM-MPR í Georgíu, CHART myndlistarmessuna í Kaupmannahöfn auk þess að fylgja eftir lánnum á verkum og sækja opnanir á Steinu í Boston og á Erró-sýningum úr safneigninni í Frakklandi og Svartfjallalandi.

Sýningar Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhús 2024

-
- 10.06.2023–
07.01.2024** **Kviksjá: Íslensk myndlist á 21. öld** (frá fyrra ári) A, B, C og D salir
Sýningin veitti innsýn inn í þá breidd og þær áherslur sem hafa verið að mótast og gerjast í íslensku listalífi frá aldamótum. Sýningarstjórn: Markús Þór Andrésson
- 26.10.2023–
11.01.2024** **D50 Klävs Liepiņš & Renāte Feizaka: Vítahringur** (frá fyrra ári) D-salur
Sýningaröðin í D-sal hóf göngu sína árið 2007. Hér er upprennandi listamönnum sem hafa mótandi áhrif á íslenska myndlistarsenu boðið að halda sína fyrstu einkasýningu í opinberu safni. Sýning Klävs og Renāte er sú 50. í röðinni. Sýningarstjórn: Becky Forsythe
- 28.01.2023–
07.01.2024** **Erró: Skörp skæri** (frá fyrra ári) E og F salir
Á sýningunni mátti vel greina tryggð Errós við samklippið, sem leið til að skapa og sem aðferð til að halda áfram að segja sögur. Sýningarstjórn: Becky Forsythe
- 13.01.2024–
12.05.2024** **Valdatafl: Erró, skrásetjari samtímans** A salur
Á sýningunni Valdatafli mátti sjá með hvaða hætti Erró hefur alla tíð skrásett róstur eigin samtíma. Hann dregur valdhafa, harðstjóra og stríðsherra inn í myndheim sinn þar sem þeir mæta skrumskælingu, háði og skopstælingu. Sýningarstjórn: Danielle Kvaran
- 06.06.2024–
19.09.2024** **Erró: Verk úr safneign** Fjölnotasalur
Yfir sumarið voru í Fjölnotasal sýnd þrjú stór verk Errós úr safneign Listasafns Reykjavíkur þar sem myndefnið er að miklu leyti sótt í teiknimyndir samtímans. Um leið er boðið upp á fjölskyldusmiðju og tækifæri til að kynnast Erró gegnum heimildarmynd og bækur.
- 26.01.2024–
05.05.2024** **D-Vítamín, samsýning** B, C, D, E og F salir
Á sýningunni voru verk eftir úrval 15 upprennandi listamanna með glæný og nýleg verk í anda þeirrar hefðar sem mótast hefur í áralangri sýningaröð Listasafns Reykjavíkur í D-sal. Sýningarstjórn: Aldís Snorradóttir, Becky Forsythe, Björk Hrafnadóttir og Þorsteinn Freyr Fjölнисson
- 11.05.2024–
20.05.2024** **Listaháskóli Íslands: Glitský, útskriftarsýning**
B, C, D, E, F salir, fjölnotasalur og port
Listasafn Reykjavíkur hýsti útskriftarsýningu nemenda á BA stigi í myndlistardeild, hönnunardeild og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands.

-
- 01.06.2024–
22.09.2024** **Jónsi: Flóð** A, E og F salir
Fyrsta einkasýningu Jónsa í Evrópu í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík. Verk á sýningunni voru nýjar og nýlegar innsetningar, hvert um sig heill heimur þar sem rými, hljóð, ljós og ilmur mynda órofa heild. Einn sýningarsalur var framlengdur til áramóta með titilverkinu, Flóð. Sýningarstjórn: Markús Þór Andrésson
- 06.06.2024–
08.09.2024** **Murr, samsýning** B, C og D salir
Á sýningunni voru verk eftir hóp listamanna sem eiga það sameiginlegt að setja sér reglur og fylgja þeim eftir í þaula, mánuð eftir mánuð, ár eftir ár. Velt var upp spurningum um gildi endurtekningarinnar í vinnuaðferðum þeirra og sköpunarverkum. Sýningarstjórn: Ingunn Fjóra Ingbórsdóttir
- 21.09.2024–
23.02.2025** **Hreinn Friðfinnsson: Endrum og sinnum** B, C og D salir
Sýningin byggist eingöngu á verkum listamannsins í safneign og endurspeglar margslungnar tilraunir hans til að höndla hverfuleikann og fanga óendanleikann í tíma og rúmi. Sýningarstjórn: Markús Þór Andrésson
- 05.10.2024–
11.05.2025** **Erró: 1001 nótt** E og F salir
Erró hóf árið 1977 að gera myndaseríuna Þúsund og eina nótt var hugmynd hans sú að setja saman 1001 myndverk í svipuðum anda. Alls málaði hann 137 málverk í seríunni sem telur til hans vinsælustu verka og verkin dreifð víða í einkasöfnum. Sýningarstjórn: Danielle Kvaran

Sýningar Listasafns Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir 2024

**18.11.2023–
29.02.2024**

Hekla Dögg Jónsdóttir: 0° 0° Núlleyja (frá fyrra ári) Vestursalur
Hekla Dögg var sjöundi listamaðurinn valinn til þátttöku í sýningaröð Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum, þar sem farið er yfir feril lykilpersóna í íslensku listalífi. Sýningarstjórn: Markús Þór Andrésson

**09.09.2023–
31.12.2024**

Kjarval og 20. öldin: Þegar nútíminn lagði að (frá fyrra ári) Austursalur
Á sýningunni getur að líta myndlistarverk íslenskra listamanna frá aldamótin 1900 og til 1972. Verk Kjarvals eru leiðarstef í sýningunni og endurspeglar hún þróun í verkum Kjarvals og samtímanna hans. Sýningarstjórn: Edda Halldórsdóttir

**16.03.2024–
09.06.2024**

Borghildur Óskarsdóttir: Aðgát Vestursalur
Sýningin á yfir sex áratuga feril merkilegrar listakonu. Hún var unnin sem hluti af rannsókn Listasafns Reykjavíkur á hlut kvenna í íslenskri myndlistarsögu, önnur af þremur. Verk Borghildar eiga erindi við samtímann og einkennast af viðleitni til að endurhugsa þau spor sem maðurinn hefur markað í náttúruna, himinn og jörð með lífríki sínu öllu. Sýningarstjórn: Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir

**22.06.2024–
06.10.2024**

Átthagamálverkið Vestursalur
Sýning á átthagamálverkum var rannsóknarverkefni um jaðar íslenskrar listasögu. Þar hafa jafnt lærðir listamenn sem sjálfmenntað áhugafólk mundað pensilinn og skapað verk í persónulegu samtali við staði og minningar. Á sýningunni gátum við ferðast hringinn í kringum landið í gegnum sögu sem spannar rúma öld. Sýningarstjórn: Markús Þór Andrésson

**19.10.2024–
09.02.2025**

Hallgrímur Helgason: Usli Vestursalur
Á sýningunni Usli var sjónum beint að höfundarverki myndlistarmannsins Hallgríms Helgasonar, sem er raunar ekki síður þekktur fyrir ritstörf og samfélagsrýni. Innan myndlistarinnar hefur sagnamaðurinn valið sér málverkið og teikninguna sem tjáningarform. Hallgrímur var áttundi listamaðurinn sem valinn til þátttöku í yfirlitssýningaröð á Kjarvalsstöðum. Sýningarstjórn: Ólöf Kristín Sigurðardóttir og Aldís Snorradóttir.

Sýningar Listasafns Reykjavíkur, Ásmundarsafn 2024

-
- 20.05.2023–
04.02.2024** **Mentor: Ásmundur Sveinsson og Carl Milles** (frá fyrra ári)
Á sýningunni var litið til baka og verk Ásmundar skoðuð í samtali við verk kennara hans við akademíuna í Stokkhólmi, Carls Milles (1875–1955). Milles var einn fremsti myndhöggvari Svíþjóðar á 20. öld og sagði Ásmundur að Milles hefði lokið upp fyrir honum formheimi listarinnar. Sýningarstjórn: Edda Halldórsdóttir og Sigurður Trausti Traustason
- 17.02.2024–
01.12.2024** **Hendi næst, samsýning**
Á þessari samsýningu mættust verk Ásmundar Sveinssonar og tíu samtíma- listamanna sem skapa myndverk með eigin höndum og nýta rótgrónar handverkshefðir við listsköpun sína. Sýningarstjórn: Becky Forsythe

Sýningar Listasafns Reykjavíkur, utan safnhúsa 2024

-
- | | |
|-----------------------------------|--|
| 05.03.2024–
06.05.2024 | Erró – The Power of Images, Museum of Contemporary Art of Montenegro, Svartfjallalandi
Yfirlitssýning á verkum Errós byggð á sýningu safnsins í Hafnarhúsi 2023.
Sýningarstjórn: Danielle Kvaran og Maša Vlaović |
| 21.06.2024–
08.12.2024 | Erró – l'histoire de l'art revisitée, Musée d'Angoulême, Frakklandi
Sýning úr Erró-safneign Listasafns Reykjavíkur. Sýningin var tvinnuð inn í fastasýningu Angoulême-safnsins þar sem sjá má klassísk verk lista-sögunnar á þremur hæðum. Sýningarstjórn: Danielle Kvaran |
| 28.11.2024–
25.05.2025 | Átthagamáilverkið – Listasafnið á Akureyri
Á ferð um Norðausturland liðinnar aldar. Jafnt lærðir listamenn sem sjálfmenntað áhugafólk mundað pensilinn og skapað verk í persónulegu samtali við staði og minningar. Sýningarstjórn: Markús Þór Andrésson |

Viðburðadagatal Listasafns Reykjavíkur 2023

Alls voru skipulagðir 167 viðburðir árið 2024

Börn og fjölskyldur

Leikum að list – barna og fjölskylduviðburðir (10 skipti, janúar–desember)
Vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur (smiðjur og námskeið, febrúar)
Barnamenningarhátíð (smiðjur, námskeið og sýningar, apríl)
Haustfrí í grunnskólum Reykjavíkur (smiðjur og námskeið, október)
Sumarnámskeið fyrir börn (3 skipti, júní)
Viðey-Friðey – sumarnámskeið í samstarfi við Borgarsögusafn (3 skipti, júní)
Hrekkjavaka í Ásmundarsafni (október)
Jólaborgin (desember)

Inngilding

Listin talar tungum – fjölmennningarverkefni (9 skipti, janúar–desember)
Sérhópar (57 hópar á vegum mannræktar og sjálfsræktar, jan–des)
Listir, hugarefling og vellíðan: Hittumst á safninu. Dagþjálfun heilabílaðra (18 hópar, janúar–desember)

Almennir gestir

Daglegar örleiðsagnir í Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum kl 14:00
Leiðsagnir um sýningar – hádegi, helgar, kvöld (42 skipti, janúar–desember)
Safnanótt á Vetrarhátíð (leiðsagnir og uppákomur, febrúar)
Umræðuþræðir – fyrirlestrar alþjl. sérfræðinga (2 skipti jan–des)
Málþing og ráðstefnur (3 skipti jan–des)
Alþjl. Safnadagurinn (maí)
Sumardagurinn fyrsti – Fyssa gangsett (apríl)
Kvöldgöngur menningarstofnana (4 skipti, júní–ágúst)
Menningarnótt (leiðsagnir og uppákomur, ágúst)
Tendrun Friðarsúlu Yoko Ono (október)
Er þetta list? Sérnámskeið f. almenning (3 skipti)

Samstarfs- verkefni

Gleym mér ey, tónleikaröð LHÍ (10 skipti jan–des)
Hönnunarmars (gestasýningar, maí)
Hádegistónleikar. Hitt húsið. Klassík – tangó (3 skipti)
Iceland Airwaves (nóvember)
Aðrir tónleikar, gjörningar og gestauppákomur (22 skipti jan–sept)

Safnfræðsla Listasafns Reykjavíkur 2024

Alls var tekið á móti 8.580 börnum í skipulögðum skólaheimsóknum með leiðsögn safnkennara

Fyrir leik- skóla

Tekið er á móti skólahópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16. Leiðsögn um sýningar er skólum að kostnaðarlausu.

Í öllum safnhúsum eru smiðjur þar sem aðstaða er til að vinna létt verkefni í tengslum við yfirstandandi sýningar í fylgd safnkennara.

Árið 2024 var tekið á móti 39 hópum frá leikskólum.

Fyrir grunn- skóla

Tekið er á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16. Heimsókn í söfnin tekur eina til tvær klukkustundir og er skólunum að kostnaðarlausu. Flestar sýningar safnsins gefa tilefni til vinnu með nemendum en lögð er sérstök áhersla á verkefni um Ásmund Sveinsson, Erró og Kjarval og fá eftirtaldir hópar í grunnskólum Reykjavíkur ókeypis rútuferðir til og frá skóla.

4. bekkur – Ásmundarsafn: Ásmundur Sveinsson

6. bekkur – Kjarvalsstaðir: Jóhannes Sveinsson Kjarval

8.–10. bekkur – Hafnarhús: Erró

Í höggmyndagarðinum Perlufestinni í Hljómskálagarðinum sem var opnaður árið 2014 til minningar um upphafskonur íslenskrar höggmyndalistar er boðið upp á leiðsagnir og verkefni.

Árið 2024 var tekið á móti 115 hópum frá grunnskólum auk 16 hópa frá frístunda- og félagsheimilum grunnskólanna.

Flökku- sýningar

Grunnskólum stendur til boða að fá tvær flökkusýningar til láns í skólann í 2–3 vikur í senn ásamt vönduðum fræðsluverkefnum og kynningu á mögulegri notkun sýninga og verkefna. Sýningarnar eru í sérhönnuðum kistum á hjólum og eru færanlegar milli rýma.

Árið 2024 var boðið upp á tvær flökkusýningar, Heima og sýning á verkum Errós. Þær voru eingöngu nýttar í rými Borgarbókasafns.

**Fyrir fram-
haldsskóla**

Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16.
Leiðsögn um sýningarnar er skólunum að kostnaðarlausu.

Árið 2024 var tekið á móti 80 hópum frá framhaldsskólum.

Fyrir háskóla

Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16.
Leiðsögn um sýningarnar er skólunum að kostnaðarlausu.

Sérstaklega tekið á móti kennaranemum og nemum í uppeldis- og kennslufræði og þeim kynnt hvernig þeir geta nýtt safnið þegar þeir hefja störf. Safnið er í samstarfi við Listaháskólann um útskriftar-sýninguna og í aðdragandanum fá nemendur kynningu á því starfi sem fram fer í stofnuninni.

Listasafnið tekur á móti háskólahópum í „vísindaferðir“ eftir samkomulagi.

Árið 2024 var tekið á móti 28 hópum frá háskólum.

**Fyrir
kennara**

Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir fjölda viðburða, fyrirlestra, málþinga og námskeiða í Hafnarhúsi, Ásmundarsafni og á Kjarvalsstöðum þar sem lögð er áhersla á að skoða afmarkað svið myndlistar og þar sem boðið er upp á leiðsögn um valdar sýningar fyrir þá sem vilja forvitnast um hvað er að gerast í samtímalist.